

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Fellahrepps 2000-2012.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur umhverfisráðherra þann 11. febrúar 2002 staðfest aðalskipulag Fellahrepps 2000-2012.

Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Sveitarstjórn Fellahrepps hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipulagsstofnun afgreitt hana til staðfestingar.

Aðalskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Fellahrepps 1981-2001.

Umhverfisráðuneytinu, 11. febrúar 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.